

andmæli við "Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, hafnarsvæði H1 Fornubúðir"

Til : hafnarfjordur@hafnarfjordur.is
Frá : ketillg@gmail.com
CC : Þormóður Sveinsson
Heiti : andmæli við "Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, hafnarsvæði H1 Fornubúðir"
Málsnúmer : 1808180
Málsaðili : Hafnarfjarðarkaupstaður
Skráð dags : 12.08.2018 23:58:46
Höfundur : ketillg@gmail.com

Með tilvísun til aulýsingar dags 1. ágúst hvað varðar breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er snýr að hafnarsvæði H1 Fornubúðir.

Andmæli þessi snúa að málsmeðferð skipulagsyfirvalda og bæjarstjórnar í máli þessu. Þarna er ein lóð tekin út fyrir heildarskipulag svæðisins. Þrátt fyrir að samstarfsverkefni um skipulag svæðisins með íbúum hafi verið sett af stað og niðurstaða þeirrar vinnu mjög skýr. Þarna er farið þvert á þá niðurstöðu og hagsmunir eins aðila teknir fram yfir hagsmuni fjöldans. Það er gert með því að leyfa byggingarmagn og byggingarhæð langt umfram þarfir Hafrannsóknarstofnunar. Svona vinnubrögð fella skugga á það þarfa verkefni og byggingin sjálf mun varpa skugga á bæjafélagið í kvöldsólinni um alla framtíð.

Útsýni er lífsgæði og er það sem m.a. myndar aðdráttarafl bæjarins fyrir íbúa og ferðamenn. Það var stórt skarð hoggið í bæjarbraginn með Norðurbakka framkvæmdunum. Skipulagslegt hryðjuverk og sorglegur minnisvarði um vinnubrögð þeirra sem að því máli stóðu. Undirritaður missti einmitt útsýni á sólarlagið við Snæfellsjökul og Garðakirkju úr húsi sínu við þá framkvæmd, þess vegna er mér annt um að þessi mistök séu ekki endurtekin. Norðurbakkinn var óskiljanleg skammsýni í umgengni við það sem myndar sérstöðu bæjarins, enda merkjanlegt fall í mannlífi hér við sjávarsíðuna eftir þá framkvæmd miðað við hvað var. Það mun engin sækja í að búa við eða ferðast til staða til að standa í skugga blokka sem byrgja einstakt útsýni og kvöldsól.

Nú virðast núverandi skipulags og bæjaryfirvöld ætla að endurtaka þess sömu skipulagsmistök á suðurbakkanum á nákvæmlega sama hátt, með nokkuð einbeittum brotavilja. Stjórnsmál og skipulagsmál eiga ekki að snúast um úthlutanir til einstakra aðila á kostnað vilja íbúa. Fornubúða framkvæmdin og málsmeðhöndlun þess er að mínu mati skólabókardæmi um slíkt. Vilji íbúa er skýr enda kom hann fram í samstarfsverkefni sem bæjaryfirvöld sjálf settu af stað.

Er það von mín að bæjar- og skipulagsyfirvöld sjáði að sér í þessu máli. Að kjörnir fulltrúar íbúa geri upp hug sinn um fyrir hverja þeir starfi og hugi að því hver arfleifð þeirra verður í skipulagsmálum fyrir komandi kynslóðir.

Ketill Gunnarsson, íbúi á Suðurgötu 19.